

# Meginreglur um ábyrga bankastarfsemi

(Principles for Responsible banking)

Framvinduskýrsla og mat bankans á eigin árangri við innleiðingu meginreglnanna

## Þættir sem meta þarf

## Mat bankans á framvindu innleiðingar á meginreglumum

## Tilvísanir

### Meginregla 1: Aðlögun

Við munum aðlaga stefnu okkar og leggja okkar af mörkum til að mæta þörfum einstaklinga og markmiðum samfélagsins, eins og þau eru skilgreind í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Parísarsamkomulaginu og öðrum viðeigandi lögum og reglum.

#### 1.1 Lýsing á viðskiptamódeli

Arion banki er íslenskur banki og með starfsemi á Íslandi. Bankinn þjónar heimilum, fyrirtækjum og fjárfestum og er sérstök áhersla lögð á að uppfylla þarfir þeirra viðskiptavina sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu. Þjónustusvið bankans eru þrjú: viðskiptabankasvið, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið og markaðir. Bankinn á tvö dótturfélög, Stefni og Vörð tryggingar, sem eru mikilvægur liður í viðskiptamódeli bankans.

Bankinn er skráður á aðallista kauphallanna Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm.

Stjórn Arion banka samþykkti nýja stefnu bankans í desember 2020. Kjarni stefnunnar er að standa öðrum framar með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem skapa viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu öllu verðmæti til framtíðar. Í stefnunni er lögð áhersla á að starfsfólk setji sig í spor viðskiptavina og skilji þarfir þeirra og markmið og starfi af ábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi.

Yfirskrift stefnu bankans um samfélagsábyrgð er *saman látum við góða hluti gerast* og felur meðal annars í sér að bankinn vilji vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, efnahagslífi og því samfélagi sem bankinn starfar í.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Um Arion banka](#)

[Fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið](#)

[Viðskiptabankasvið](#)

[Markaðir](#)

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Stefna og framtíðarsýn](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

[Virðing fyrir umhverfinu](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Mannauður](#)



Umhverfis- og loftslagsstefna Arion banka tekur mið af markmiðum Parísarsamkomulagsins og öðrum viðeigandi innlendum og erlendum skuldbindingum á sviði umhverfismála. Stefnan kemur meðal annars inn á kortlagningu umhverfisáhrifa bankans og kröfur til birgja.

Í janúar 2020 samþykkti framkvæmdastjórn bankans sex heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem bankinn ætlar að leggja megináherslu á. Markmiðin sem unnið verður sérstaklega að eru markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 7 um sjálfbæra orku, markmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt, markmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu, markmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og markmið 13 sem snýr að aðgerðum í loftslagsmálum.

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum og ber bankastjóri ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan bankans. Í hans umboði starfar jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsfólks. Nefndin setur fram aðgerðaráætlun í jafnréttismálum sem unnið er eftir til þriggja ára í senn. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum starfsfólks óháð kyni, kynhneigð, uppruna, þjóðerni, litarhafti, aldri, fötlun, trú eða annarri stöðu.

Í ársbyrjun 2021 framkvæmdum við könnun meðal hagsmunaaðila bankans varðandi helstu áhersluatriði varðandi sjálfbærni og samfélagsábyrgð og spurðum meðal annars út í heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Niðurstöður greiningarinnar verða notaðar af bankanum við endurmat á áherslum og stefnumótun á sviði sjálfbærnimála.

## Meginregla 2: Áhrif

Við munum stöðugt leitast við að auka jákvæð áhrif af starfsemi okkar, vörum og þjónustu á einstaklinga og umhverfi og draga úr neikvæðum áhrifum, m.a. með því að stýra áhættu. Við setjum okkur og birtum markmið í tengslum við þá þætti sem við höfum mest áhrif á.

### 2.1 Greining áhrifa

Á árinu 2020 var áhersla á að innleiða meginreglurnar í stefnur og þjónustu bankans en við tókum þónokkur skref í að meta áhrif bankans á umhverfi og samfélag.

Fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið gerði umfangsmikla greiningu á lánasafni sínu út frá grænum viðmiðum. Niðurstaðan sýndi að á bilinu 20-30% lánasafnsins geta fallið undir græn viðmið.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)



Frankvæmt var áhættumat á rekstri bankans í byrjun árs 2021 á þeim þáttum sem tengjast sjálfbærni með það að markmiði að halda utan um áhættuþætti með skipulögðum hætti. Í matinu var horft til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS).

Til að öðlast betri yfirsýn yfir áhættu tengda loftslagsbreytingum hefur bankinn nýtt sér tilmæli Task Force on Climate-related Financial Disclosures (TCFD) og greint útlán bankans til atvinnugreina sem eru skilgreindar sem mikilvægar til að ná tökum á loftslagsbreytingum. Niðurstöður TCFD greiningarinnar eru notaðar í innra mati bankans á viðbótareiginfjárförf vegna loftslagsbreytinga.

Þá fengum við ráðgjafafyrirtækið CIRCULAR Solutions til að gera mikilvægisgreiningu á starfsemi bankans. Aðferðafræðin sem var notuð byggist á því að greina áhættur sem snúa að umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og tekur mið af landfræðilegri staðsetningu bankans og starfsemi. Sú greining var notuð til grundvallar hagaðilagreiningar en könnun var send til starfsfólks og úrtaks viðskiptavina, birgja, hluthafa og samstarfsaðila í ársbyrjun 2021. Könnunin sneri að mati haghafa á helstu áherslum bankans varðandi sjálfbærni og samfélagsábyrgð og verða þær niðurstöður nýttar til að skerpa enn frekar á áherslum bankans varðandi ábyrga bankastarfsemi.

Á árinu 2021 verður unnið að því að greina áhrif okkar enn frekar út frá þeim kröfum sem eru gerðar í meginreglum um ábyrga bankastarfsemi.

### Samantekt á stöðu markmiða:

Fyrstu skrefin hafa verið tekin í að meta áhrif bankans en enn er nokkuð í land og unnið verður áfram að frekari greiningu á árinu 2021.

## 2.2 Markmiðasetning

Í kjölfar undirritunar PRB settum við okkur markmið í tengslum við nýja umhverfis- og loftslagsstefnu bankans.

Arion banki hefur sett sér skýra stefnu í jafnréttismálum og ber bankastjóri ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan bankans. Í hans umboði starfar jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsfólks. Jafnréttisnefnd setur fram aðgerðaráætlun í jafnréttismálum sem unnið er eftir til þriggja ára í senn. Markmið áætlunarinnar er að

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

[Virðing fyrir umhverfinu](#)

[Ófjárhagslegar upplýsingar](#)

[GRI tilvísunartafla](#)



stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum starfsfólks óháð kyni, kynhneigð, uppruna, þjóðerni, litarhafti, aldri, fötlun, trú eða annarri stöðu.

[Mannauður](#)

Á árinu 2021 verður unnið að því að greina áhrif okkar enn frekar út frá þeim kröfum sem eru gerðar í meginreglum um ábyrga bankastarfsemi og við munum miða frekari markmiðasetningu við niðurstöður þeirrar greiningar.

### Samantekt á stöðu markmiða:

Við höfum sett okkur markmið í umhverfis- og jafnréttismálum og munum vinna enn frekar að því að uppfylla þennan lið á árinu 2021.

#### 2.3 Áætlanir um framkvæmd og eftirlit með markmiðum

Núverandi markmiðum og mælikvörðum er reglulega fylgt eftir og niðurstöður eru birtar í árs- og samfélagsskýrslu.

Við höfum sett okkur mælikvarða fyrir ýmsa þætti starfseminnar en munum halda áfram að vinna að því að setja markmið og innleiða þau í takt við PRB.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

[Ófjárhagslegar upplýsingar](#)

[GRI tilvísunartafla](#)

[Virðing fyrir umhverfinu](#)

### Samantekt á stöðu markmiða:

Við höfum sett okkur mælikvarða fyrir ýmsa þætti starfseminnar en munum halda áfram að vinna að því að setja markmið og innleiða þau í takt við PRB.

#### 2.4 Framgangur þess að innleiða markmið

Fylgst er reglulega með stöðu ófjárhagslegra markmiða og eru upplýsingar um stöðu þeirra aðgengilegar í árs- og samfélagsskýrslu bankans 2020.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ófjárhagslegar upplýsingar](#)

[GRI tilvísunartafla](#)



## Samantekt á stöðu markmiða:

Við höfum sett okkur mælikvarða fyrir ýmsa þætti starfseminnar og munum halda áfram að vinna að því að setja markmið og innleiða þau í takt við meginreglur um ábyrga bankastarfsemi.

## Meginregla 3: Viðskiptavinir

Við munum vinna að sjálfbærni á ábyrgan hátt með viðskiptavinum okkar og styðja við starfsemi sem skapar sameiginlegt virði fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

### 3.1 Stefnur og framkvæmd

Kjarninn í stefnu Arion banka er að standa öðrum framar með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem skapa viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu öllu verðmæti til framtíðar.

Yfirskrift stefnu bankans um samfélagsábyrgð er *saman látum við góða hluti* gerast og felur meðal annars í sér að bankinn vilji vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi og samfélagi.

Við leggjum ríka áherslu á að vera í góðum og ábyrgum samskiptum við hagsmunaaðila okkar. Fjallað er um haghafa okkar í árs- og samfélagsskýrslu bankans árið 2020.

Í byrjun árs 2021 var nýtt kaupaukakerfi fyrir starfsfólk innleitt í Arion banka sem byggir m.a. á fjárhagslegum árangri bankans, meðmælaeinkunn starfsfólks (NPS), þekkingu á viðskiptavinum og uppitíma netbanka og apps.

### 3.2 Aðgerðir bankans á sviði sjálfbærni sem snúa að viðskiptavinum

Við bjóðum grænar vörur, þ.e. innlán, bílalán og húsnæðislán sem styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, og munum halda áfram á þeirri braut. Áhrifin af grænu innlánunum og bílalánunum eru birt í árs- og samfélagsskýrslu 2020.

Við styðjum vel við ólíka hópa svo sem námsmenn, fólk á leið í fæðingarorlof og bjóðum upp á einstaklingsbundna fjármálaráðgjöf. Þeir sem eru eldri fá jafnframt sérsniðna þjónustu.

Bankinn hefur lagt allt kapp á að finna leiðir til að þjóna viðskiptavinum sínum vel en á sama tíma sýna ábyrgð í sóttvarnarmálum og finna lausnir

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Stefna og framtíðarsýn](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

[Vefsíða Arion banka:](#)

[Græn framtíð](#)

[Tökumst á við þetta saman](#)

[Greiðsluhlé vegna COVID-19](#)

[Lægra greiðslubyrði í fæðingarorlofi](#)

[Námsmenn](#)



með viðskiptavinum sínum vegna fjárhagslegra áhrifa COVID-19. Bankinn bauð m.a. fyrirtækjum og einstaklingum upp á greiðsluhlé lána og tók þátt í aðgerðum stjórnvalda með sérstökum lánveitingum til viðskiptavina með ríkisábyrgð að hluta eða öllu leyti.

Eignastýring fagfjárfesta innleiddi árið 2018 verklag ábyrgra fjárfestinga í starfshætti sína, sem felur í sér að við eignastýringu er horft til þriggja grunnþátta sjálfbærni; umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttá (UFS). Þannig er ekki einvörðungu horft til fjárhagslegra þátta heldur einnig annarra þátta sem taldir eru viðeigandi við greiningu á fjárfestingum og uppbyggingu eignasafna.

[Kúrsinn - fjármálaráðgjöf](#)

[60 ára og eldri](#)

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

[Viðskiptabankasvið](#)

[Fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið](#)

[Markaðir](#)

#### **Meginregla 4: Hagsmunaaðilar**

Við munum vinna náið með viðeigandi hagsmunaaðilum, af árvekni og ábyrgð, til að ná fram markmiðum samfélagsins.

Við eigum í góðum samskiptum við hagsmunaaðila okkar. Í byrjun árs 2021 gerðum við könnun meðal þeirra um áherslur Arion banka varðandi sjálfbærni og samfélagsábyrgð og við munum meðal annars byggja á þeim niðurstöðum við innleiðingu á PRB. Þar var meðal annars spurt um hvaða heimsmarkmið þeir töldu mikilvægt að bankinn legði megináherslu á.

#### **4.1 Samskipti við hagsmunaaðila**

Í vinnu við smíðar græns fjármögnunarramma höfum við ráðfært okkur við fjölda ólíkra hagsmunaaðila úr atvinnulífinu á sviði umhverfis- og loftslagsmála; einstaklinga, fyrirtæki og opinberar stofnanir.

Þá erum við í víðtæku og virku samstarfi á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

#### **Meginregla 5: Stjórnarhættir og menning**

Við munum hrinda skuldbindingum okkar gagnvart meginreglunum í framkvæmd með skilvirkum stjórnarháttum og menningu sem einkennist af ábyrgri bankastarfsemi.

#### **5.1 Uppbygging stjórnarháttá**

Í Arion banka er starfandi stýrihópur um samfélagsábyrgð. Verkefnastjóri samfélagsábyrgðar starfar á skrifstofu bankastjóra og heldur utan um starf hópsins. Í stýrihópnum eru framkvæmdastjórar markaða, viðskiptabankasviðs og fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs ásamt forstöðumanni samskiptasviðs og sölu- og markaðsstjóra.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)



[Grænn innlánarammi](#)

[Ytri staðfesting Circular Solutions](#)

Meginverkefni hópsins snúa að stefnumótun á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar. Ábyrgðarmaður sjálfbærnimála Arion banka er bankastjóri.

Hluti af því að skilgreina grænan fjármögnunarramma fyrir Arion banka er að ákveða uppbyggingu stjórnarháttanna vegna grænnar fjármögnunar og verður það kynnt samhliða græna rammanum.

Í græna innlánarammanum sem var kynntur um mitt ár 2020 hefur ferlið varðandi uppbyggingu stjórnarháttanna í tengslum við græn innlán verið skilgreint.

## 5.2 Frumkvæði og framtak

Bankastjóri er ábyrgðarmaður og helsti talsmaður sjálfbærni hjá bankanum og sendir reglulega út pósta á starfsfólk um mikilvægi og framgang ábyrgrar bankastarfsemi. Þá eru reglulega birtar fréttir á innri og ytri vef bankans um vörur, þjónustu, skuldbindingar og árangur á sviði sjálfbærni.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

Bankastjóri hefur fjallað um mikilvægi sjálfbærni opinberlega og aðild bankans að PRB og var með erindi á Umhverfisdegi atvinnulífsins árið 2020.

Á fræðsludagskrá fyrir starfsfólk er reglulega boðið upp á námskeið sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum og almennt ábyrgri bankastarfsemi. Allt starfsfólk hefur aðgang að þeim námskeiðum.

## 5.3 Stjórnskipulag vegna innleiðingar á meginreglunum

Skipulag sjálfbærnimála bankans styður við innleiðingu meginmarkmiða um ábyrga bankastarfsemi. Við munum vinna áfram að því að styrkja skipulagið.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

### Samantekt á stöðu markmiða:

Núverandi skipulag styður við innleiðingu PRB en við munum vinna áfram í að styrkja það skipulag.



## Meginregla 6: Gegnsæi og ábyrgð

Við munum með reglubundnum hætti meta innleiðingu okkar á meginreglunum og upplýsa með skýrum og gagnsæjum hætti um áhrif bankans, jákvæð og neikvæð, og framlag okkar til markmiða samfélagsins.

### 6.1 Framgangur þess að innleiða meginmarkmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB)

Eftir að hafa gerst aðilar að meginreglum um ábyrga bankastarfsemi höfum við lagt megináherslu á að tengja stefnur okkar og vörur við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og markmið Parísarsamkomulagsins. Þá höfum við þá vegferð að skilja áhrif bankans betur út á við.

Við tókum fyrstu skrefin varðandi tilmæli Taskforce on Climate-related Financial Disclosures (TCFD) og gerðum könnun meðal hagsmunaðila okkar á þeirra mati á áherslum bankans varðandi sjálfbærni og ábyrga bankastarfsemi.

Arion banki varð aðili að viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar í september 2020. Forsætisráðuneytið, Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Landssamtök lífeyrissjóða (LL) unnu að mótun yfirlýsingarinnar í víðtæku samráði við fulltrúa helstu aðila á fjármálamarkaði.

Bankinn varð einnig aðili að viljayfirlýsingu um Jafnvægisvogina þar sem fram kemur að Arion banki ætli að vinna markvisst að því næstu árin að jafna hlut kynja í efsta lagi stjórnunar. Bankinn hlaut jafnframt viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fyrir árangur sinn í þeim efnunum á árinu 2020.

[Árs- og samfélagsskýrsla 2020:](#)

[Ábyrg bankastarfsemi](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Virðing fyrir umhverfinu](#)

**Vefsíða Arion banka:**

[Viljayfirlýsing um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar](#)

[Viljayfirlýsing um Jafnvægisvogina](#)

[Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar](#)

### Samantekt á stöðu markmiða:

Við höfum tekið þó nokkur skref við innleiðingu á meginreglum um ábyrga bankastarfsemi. Engu að síður erum við rétt að byrja innleiðinguna og munum halda ótrauð áfram árið 2021.

